



xxxbær
b/t bæjarráðs

Reykjavík, 12. nóvember 2024

Varðar: Nýjan stofnsamning um Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Nýr stofnsamningur fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) var samþykktur á fundi stjórnar slökkviliðsins þann 18. október sl.

SHS var stofnað árið 2000 og hefur upprunalegur stofnsamningur verið í gildi síðan. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kom nokkrum athugasemdum sínum við samninginn á framfæri við sveitarfélögin haustið 2020. Vann hópur lögfræðinga aðildarsveitarfélaganna að því næstu misserin að uppfæra samninginn undir verkstjórn Hildigunnar Hafsteinsdóttur, lögfræðings Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Bókun stjórnar SHS á 266. fundi þann 18. október 2024 var eftirfarandi:

Stjórn samþykkir stofnsamninginn. Hann verður sendur til staðfestingar í innviðaráðuneytið og svo til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar. Að því loknu mun stjórn undirrita stofnsamninginn og tekur hann þá gildi.

Staðfesting innviðaráðuneytisins liggur nú fyrir. Fyrir hönd stjórnar SHS óskar undirritaður eftir staðfestingu sveitarfélagsins á meðfylgjandi nýjum stofnsamningi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.
(rafræn undirritun á næstu síðu)

Meðfylgjandi: Stofnsamningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., drög til staðfestingar.